

Ed.

652. Frumvarp til laga

[186. mál]

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

3. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðherra“ í 3. gr. laganna komi: Landbúnaðarráðherra.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarféлага Íslands, reglugerð, sem kveður nánar á um framkvæmd laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.